



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 11/2017

## Markaðssetning Háamýri ehf. á skoteldum

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 22. desember 2016, var athygli Háamýri ehf. vakin á því að Neytendastofa teldi að upplýsingaskortur á vefsíðu fyrirtækisins, superflugeldar.is, kynni að vera í andstöðu við nánar tilgreind ákvæði vopnalaga nr. 16/1998, laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002 og laga um neytendasamninga nr. 16/2016.

Svar barst með bréfi Háamýri ehf., dags. 26. desember 2016. Í bréfinu kom fram að myndir af CE merkingum og öryggisleiðbeiningum verði settar inn á vefsíðuna fyrir næsta sölutímabil. Með bréfinu fylgdi tillaga að framsetningu myndanna. Í bréfinu kom jafnframt fram að búið væri að uppfæra upplýsingar um seljanda og skilmála til samræmis við ábendingar Neytendastofu. Með bréfinu fylgdi afrit af leyfisbréfi Háamýri til sölu skotelda.

Með vísan til svara Háamýri að því er varðar bréf Neytendastofu, dags. 22. desember 2016, mun Neytendastofa ekki aðhafast frekar að svo stöddu. Kemur sá þáttur málsins því ekki til nánari skoðunar í ákvörðun þessari.

##### 2.

Með bréfi Neytendastofu til Háamýri ehf., dags. 29. desember 2016 var þess óskað að Háamýri útskýrði hvað fælist í verðhagræði hilluverðs, Súper verðs og Súper kaupauka og hve lengi vörur hafi verið seldar á hilluverði.

Svar Háamýri barst með bréfi, dags. 3. janúar 2017. Í bréfinu kemur fram að árið 2016 hafi í fyrsta skipti verið boðið upp á forsölu. Þannig séu boðnar vörur á sérstöku verði ef keypt væri fyrir ákveðinn tíma. Tíminn hafi verið ákveðinn frá 22. nóvember til 24. desember. Smásöluleyfi frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum hafi verið dagsett 21. nóvember 2016. Allan tímunn hafi legið

fyrir að verð á vörum myndi breytast 24. desember 2016. Hafi þetta verið hugsað til þess að bjóða kaupendum utan af landi möguleika á því að nálgast vörur Háamýri á hagstæðara verði. Forsölunni hafi lokið 25. desember 2016.

Að því er varði „Súper flugeldar á Súper verði“, þá sé það frasi sem Háamýri hafi haft í 10 ár. Þar sem búið hafi verið að gefa út fyrir löngu verðin á vörunum þann 24. nóvember 2016. Og Stjórnuljós með Hópkaup í fararbroddi hafi verið byrjaðir að auglýsa 40-50% afslátt þrátt fyrir að þeim hafi verið bannað að gera það. Háamýri hafi ekki séð aðra kosti í stöðunni en að reyna að lækka verðið með afsláttar tilboði fyrstu tvo dagana, og því boðið 20-60% afslátt af hilluverði þessa daga. Hilluverð segi sig sjálf, þar sem búið hafi verið að auglýsa allar vörur á fullu verði í heilan mánuð.

Þann 30. og 31. desember 2016 hafi verið ákveðið að bjóða upp á kaupauka í stað afsláttar, þar sem Háamýri viti að það sé ekki löglegt að vera með afslátt af vörum alltaf. Kaupaukanum hafi þannig verið stillt upp að ef verslað væri fyrir 10-25.000 kr. fengist kaupauki (vöruúttekt) fyrir 20% af upphæðinni, og svo hærri úttekt fyrir meiri kaup. Þannig að þeim mun meira sem væri verslað, þeim mun meira fengist aukalega í vöruúttekt. (Ef verslað fyrir 10.000 kr. þá fengist aukalega vörur fyrir 2.000 kr.).

Að mati Háamýri hafi alltaf verið reynt að fara eftir leiðbeiningum Neytendastofu og annarra ríkisstofnana varðandi leyfi og sölu á vörum fyrirtækisins. Svarað hafi verið öllum tilmælum og bréfum með virðingu og kurteisi. Í bréfi Háamýri var jafnframt bent á að fleiri fyrirtæki á skoteldamarkaði hafi auglýst með ólögætum hætti.

## **II.**

### **Niðurstaða**

#### **1.**

Í málinu hefur Neytendastofa kannað markaðssetningu Háamýri ehf., rekstraraðila vefsíðunnar superflugeldar.is, á tilboðsverðum skotelda. Hefur Háamýri ýmist markaðssett vörur á kynningartilboði, með afslætti frá fyrra verði eða með kaupauka.

#### **2.**

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 8. gr. í IV. kafla laganna er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.*

Í 1. mgr. 9. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.-g. liðum 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og segir þar í d. lið að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“*

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 teljast viðskiptahættir villandi ef þeir fela í sér rangar upplýsingar eða ef þeir blekkja, eða eru líklegir til að blekkja, hinn almenna neytanda eða hóp neytenda sem markaðssetning beinist að og valda eða eru líklegar til að valda því að hann taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði annars ekki gert. Í a. – g. liðum eru taldar upp þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og er í d. lið fjallað um verð eða aðferð sem notuð er við útreikning á verði og hvort um sérstakt verðhagræði sé að ræða. Ofangreind ákvæði laganna eru matskennd og krefjast þess að litið sé til allra atvika hvers máls fyrir sig, þ.á.m. í hve langan tíma varan er höfð á hinu lækkaða verði.

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

*„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“*

Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu segir:

*„Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu.“*

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir í 3. gr.:

*„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.*

*Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“*

### 3.

Að því er varðar markaðssetningu Háamýri á skoteldum í forsölu þá telur Neytendastofa að leggja beri eftirfarandi til grundvallar við mat á lögmæti markaðssetningarinnar samkvæmt ofangreindum ákvæðum laga.

Sölutímabil flugelda er stutt, þ.e. tíu dagar, og nær frá 28. desember til 6. janúar hver áramót, sbr. 2. gr. reglugerðar um skotelda, nr. 952/2003. Háamýri hóf kynningu og forsölu á vörunum sínum fyrir þar sem neytendum hefur staðið til boða að panta vörur og fá þær afhentar eftir að lögheimilt sölutímabil hefst. Samkvæmt gögnum málsins var afsláttarverð á vefsíðunni superflugeldar.is í gildi óbreytt a.m.k. frá 22. nóvember til 24. desember 2016 eða 36 daga. Samkvæmt þessu ætti venjulegt verð að hafa tekið við frá 25. desember 2016 til 6. janúar 2017 eða í 13 daga.

Neytendastofa telur að sú staðreynd að vörurnar séu seldar í forsölu, í hlutfallslega mun lengri tíma en á því verði sem kallað er venjulegt verð, feli í sér að ekki sé um raunverulega verðlækkun að ræða og neytendum því veittar villandi upplýsingar um verðhagræðið. Gera verður strangar kröfur til opnunartilboða enda er þar um að ræða undantekningu frá skýrum ákvæðum um að vörur skuli hafa verið seldar á fyrra verði. Neytendastofa bendir á að í ofanálag hafi venjulegt verð ekki einu sinni haldist í 13 daga heldur hafi vörur verið boðnar á afslætti og með kaupauka eftir að forsölu lauk. Telur Neytendastofa því að verðframsetning Háamýri hafi verið villandi og brjótí gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., og 11. gr., laga nr. 57/2005 sbr. 5. gr. reglna nr. 366/2008.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, telur Neytendastofa tilefni til þess að banna Háamýri ehf. að kynna verð á sölusíðu sinni sem forsölu- eða afsláttarverð þegar ekki er um raunverulega verðlækkun að ræða, sbr. ofangreint.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

„Háamýri ehf., Kjarrmóa 20, Reykjanesbæ, rekstraraðili vefsíðunnar [superflugeldar.is](http://superflugeldar.is) hefur með kynningu um lækkað verð í forsölu, afslætti og kaupauka, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Háamýri ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunarinnar.

Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 28. mars 2017

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir